

II. HVAÐ ER MANNRÉTTINDAMENNTUN?

... sérhver einstaklingur og allar stofnanir samfélagsins ... kappkosti, með fræðslu og menntun, að stuðla að virðingu fyrir réttindum þessum og frelsi ...

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, inngangsorð

1. Kynning á mannréttindamenntun

Ekki er til nein einhlít skilgreining á mannréttindamenntun og hvernig slík fræðsla vekur með ýmsu móti skilning ungra jafnt sem aldinna á eigin réttindum, fær þá til að njóta þeirra og meta þau og sýna réttindum annarra virðingu. Í áætlun Evrópuráðsins um mannréttindamenntun fyrir ungt fólk er mannréttindamenntun skilgreind sem:

... námsáætlun og starf sem miðar að því að skapa jafna virðingu fyrir öllum mönnum, ásamt öðrum áætlunum, svo sem þeim sem stuðla að þvermenningarlegu námi, þátttöku og eflingu minnihlutahópa.

Það er samtengingin „ásamt“ sem er afgerandi í þessari setningu því að mannréttindamenntun fer almennt ekki fram nema í tilteknu samhengi, og þá fyrst og fremst í samræmi við þarfir, óskir, færni og löngun nemenda. Skilgreining á mannréttindamenntun felst í þeim tilgangi sem hún þjónar, því engu skiptir hvaða aðferðum er beitt eða í hvaða samhengi, markmiðið er ávallt að byggja upp mannréttindamenningu. Mikilvægustu þættir slíkrar menningar geta verið aðalmarkmiðin á sviði mannréttindamenntunar:

- að efla virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi,
- að hafa mannlega reisn í fyrirrúmi og efla sjálfsvirðingu einstaklingsins og virðingu hans fyrir öðrum,
- að stuðla að viðhorfum og hegðun sem leiðir til þess að virðing sé borin fyrir réttindum annarra,
- að tryggja raunverulegt kynjajafnrétti og að konur og karlar hafi jöfn tækifæri á öllum sviðum,
- að efla virðingu, skilning og viðurkenningu á fjölbreytni, einkum að því er varðar mismunandi þjóðerni, þjóðernisminnihluta, trúarhópa, málsvæði og hvers kyns aðra minnihlutahópa og samfélög,
- að hvetja fólk til þess að taka meiri þátt í samfélaginu,
- að stuðla að lýðræði, framþróun, félagslegu réttlæti, almennu samlyndi, samstöðu og vináttu meðal fólks og þjóða,
- að styrkja starf alþjóðastofnana sem miðar að því að skapa friðarmenningu sem byggist á almennum mannréttindum og umburðarlyndi og skilningi milli þjóða, án ofbeldis.

Mannréttindamenntun fyrir börn

Nám alla ævi um mannréttindi er best að hefja þegar á barnsaldri. Hægt er að túlka hin víðtæku markmið sem felast í mannréttindamenntun þannig að þau falli að heimsmynd ungra barna á ákveðinn hátt, þ.e. með persónulegri reynslu þeirra í samfélaginu, innan fjölskyldunnar og í daglegum samskiptum þeirra við önnur börn og fullorðna. Með mannréttindamenntun er leitast við að skapa traust og félagslegt umburðarlyndi, grundvallaratriði allrar mannréttindamenningar:



- að virða sjálfan sig og aðra,
- að viðurkenna og virða mannréttindi í daglegu lífi,
- að skilja sín eigin grundvallarréttindi og geta tjáð sig um þau,
- að kunna að meta og virða ólík sjónarmið,
- að hafa þá afstöðu að ágreining skuli leysa á friðsamlegan hátt þar sem réttur annarra er virtur,
- að byggja upp sjálfstraust barna, þannig að þau geti gripið til aðgerða, og þroska hæfileika þeirra til að vernda og efla mannréttindi.

Þó að börn hafi rétt byrjað skólagöngu vita þau margt og mikið um heiminn og fólkið sem byggir hann. Mannréttindamenntun ætti því eftir föngum að tengjast því sem börnin þekkja og vita nú þegar og varpa skýrara ljósi á það. Sem dæmi má nefna að þótt þau noti kannski ekki orð eins og *réttlæti*, *jafnrétti* eða *mismunun*, þá hafa flest sex eða sjö ára börn sterka tilfinningu fyrir því hvað er „réttmætt“.

Pekking, hæfni og viðhorf

Pekking: Nám um mannréttindi

Hvers konar þekkingu þurfa börn að hafa til að skilja hvað mannréttindi snúast um í daglegu lífi? Hvaða hæfni og viðhorf þurfa þau að hafa til að byggja upp og styðja raunverulega mannréttindamenningu? Reynt er að veita svör við þessum spurningum í þessari bók, bæði í ítarefninu sem ætlað er kennurum og leiðbeinendum og í verkefnum sem mælt er með að notuð séu í námi barna um mannréttindi. Hvort tveggja í sameiningu myndar eina heild sem felur í sér nám *um* mannréttindi, nám *í þágu* mannréttinda og nám *í* mannréttindum.

Þó að þekking *á* mannréttindum sé auðvitað mismunandi eftir þroska og getu barnsins er þó almennt um eftirfarandi meginhugmyndir að ræða:

- Mannréttindi kveða á um hegðunarreglur innan fjölskyldunnar, í skólanum, í samfélaginu og umheiminum öllum;
- Reglur um mannréttindi eru algildar, þó að hægt sé að túlka þær og nota á mismunandi hátt;
- Öll börn njóta mannréttinda og þeim ber einnig að virða réttindi annarra. Þar á meðal réttinn til að njóta verndar og góðs atlætis og réttinn til þátttöku, svo sem til að tjá skoðanir sínar í málefnum sem varða mann sjálfan. Kveðið er á um þessi réttindi í **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**;
- Einnig eru til aðrir alþjóðlegir samningar um verndun mannréttinda, svo sem **Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna** og **Mannréttindasáttmáli Evrópu**.

Hæfni: Nám í þágu mannréttinda

Börn þurfa að öðlast þá færni sem gerir þeim kleift að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi og leggja sitt af mörkum við að byggja upp mannréttindamenningu. Hæfni *í þágu* mannréttinda:

- Listin að hlusta á aðra og eiga virk samskipti: að geta hlýtt á mismunandi sjónarmið, látið eigin skoðanir í ljós og lagt mat á hvort tveggja;
- Gagnrýnin hugsun: að greina á milli staðreyndar og skoðunar, gera sér grein fyrir hleypi-dómum og fordómum, átta sig á því þegar hlutum er hagrætt;
- Hæfni til þess að starfa í hópum og takast á við ágreining á jákvæðan hátt;
- Hæfni til að komast að samkomulagi;
- Lýðræðisleg þátttaka í verkefnum með jafnöldrum sínum;
- Sjálfstraust til að tjá sig um skoðanir sínar;
- Hæfni til að leysa mál.



Viðhorf: Nám í mannréttindum

Mannréttindi eru ekki bara lagalegir samningar sem tengja saman þjóðir. Í þeim felast einnig reglur um það hvernig börn og fullorðnir eigi að lifa saman í sátt og samlyndi. En þar sem mannréttindi eru óáþreifanleg og yfirleitt sýnd í verki, þá eru mannréttindagildi og viðhorf í senn sá liður í náminu sem lengstan tíma tekur og er erfiðastur viðureignar. Börn læra meira eða a.m.k. jafn mikið af því sem fram fer í kringum þau og af beinni kennslu og þau eru afar næm fyrir hræsni. Öllum sem vinna með börnum ber skylda til að vera til fyrirmyndar um þau mannréttindagildi sem þeir vilja miðla.

Afstaða sem brýnt er að tileinka sér á sviði mannréttinda:

- Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum;
- Ábyrgð á eigin gjörðum;
- Fróðleiksfýsn, opinn hugur og jákvætt viðhorf gagnvart fjölbreytni;
- Samkennd og samstaða með öðrum og vilji til að styðja þá sem ekki njóta mannréttinda;
- Mannvirðing, sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum, án tillits til félagslegra, menningarlegra eða trúarlegra þátta eða tungumáls;
- Réttlætiskennnd og samfélagsleg ábyrgð á því að komið sé fram við alla af réttisýni;
- Löngunin til að leggja sitt af mörkum til betra lífs í skólanum eða samfélaginu öllu;
- Sjálfstraust til að stuðla að mannréttindum í eigin samfélagi og á heimsvísu.

Aðferðir sem beitt er við fræðslu í mannréttindum

Þar sem aðferðir sem byggjast á virkri þátttöku fela í sér að hver og einn eigi rétt á að tjá skoðanir sínar og skuli taka tillit til þess að fólk er mismunandi, hafa þær reynst skila mjög góðum árangri í mannréttindamenntun. Þegar námsefni takmarkast ekki aðeins við staðreyndir heldur tekur einnig til hæfni, viðhorfa, gilda og aðgerða skal byggja námið upp á „láréttan“ hátt en ekki „stigskipaðan“. Lýðræðislegt fyrirkomulag af því tagi höfðar til hvers og eins og fær alla til að hugsa og leggja eigin merkingu í hlutina. Það hvetur til gagnrýninnar skoðunar á raunverulegum aðstæðum og getur leitt til vel ígrundaðra og viðeigandi viðbragða sem efla og vernda mannréttindi. Með öðrum orðum, til að mannréttindamenntun skili árangri verða börnin að geta stuðst við ramma þar sem réttindi hvers einasta barns eru virt.

Aðferðunum sem lýst er hér á eftir er beitt í ýmiss konar námsumhverfi, bæði formlegu og óformlegu, og hægt er að fjalla um hvað sem er. Nokkur atriði, sem hafa í för með sér að þær henta vel til að fræða fólk á öllum aldri um mannréttindi, eru þeim þó sameiginleg:

- Að virða reynslu barna og viðurkenna ýmis sjónarmið;
- Að stuðla að persónulegum þroska, sjálfsvirðingu og virðingu fyrir hverju einasta barni;
- Að gera börnum kleift að skilgreina hvað þau langar til að vita og leita sjálf upplýsinga um það;
- Að öll börnin taki virkan þátt í námi sínu og séu sem minnst eins og hlutlausir hlustendur;
- Að stuðla að námsumhverfi sem ekki er stigskipt, heldur lýðræðislegt og byggt á samvinnu;
- Að hvetja til ígrundunar, sundurgreiningar og gagnrýninnar hugsunar;
- Að stuðla að huglægum og tilfinningalegum viðbrögðum, sem og vitsmunalegum þroska;
- Að hvetja til hegðunar- og viðhorfsbreytingar;
- Að leggja áherslu á aukna færni og hagnýt not af náminu;
- Að viðurkenna mikilvægi þess að húmor, skemmtun og skapandi leikjum sé beitt í náminu.

Verkefni í *Litla-kompás* samanstanda af ýmsum aðferðum og tækni sem byggjast á þessum atriðum. Leiðbeinendur ættu ávallt að gera sér ljóst að sumar aðferðir henta ekki í þeim hópum þar sem börnin koma frá ólíkum menningarheimum eða eru með sérþarfir (t.d. líkamleg snerting, umbrot og hönnun



prentaðs máls) eða þar sem nota þarf úrræði sem eru þeim framandi eða ekki tiltæk (t.d. aðgengi að netinu eða gögn af bókasafni). Gera skal ráð fyrir því að kennarar og leiðbeinendur aðlagi sérhvert verkefni að þörfum barnanna og því menningarlega og félagslega umhverfi sem þau tilheyra.

Óformlegt nám

Ýmsar þeirra aðferða sem kennari eða leiðbeinandi velur að nota, eða breytingar sem hann gerir, ráðast af samsetningu hópsins, aldri barnanna, færni kennarans og þeim aðstæðum sem fyrir hendi eru. Miklu skiptir hvort mannréttindamenntunin fer fram innan eða utan hefðbundna skólakerfisins.

Formlegt nám vísar til hinnar skipulegu kennslu sem fer fram í grunnskólum og allt upp á háskólastig og getur einnig tekið til sérstakra námsbrauta til starfsmenntunar. Fyrst og fremst er um að ræða skóla og ýmsar æðri menntastofnanir. Í Mannréttindayfirlýsingunni og Barnasáttmálanum er kveðið á um að öll börn skuli að lágmarki ljúka grunnskólanámi.

Óformlegt nám vísar til alls náms sem stundað er af frjálsum vilja og skipulagt er sem liður í persónubundinni og félagslegri menntun sem miðar að því að fjalla um gildi og sýna þau í verki og stuðla að ýmiss konar hæfni og getu til að lifa í lýðræðisríki. Óformlegt nám barna getur m.a. verið fólgið í félagsstarfi utan skólans, verkefnum sem ekki flokkast sem námsefni í skólum og þátttöku í sumarbúðum og á frístundaheimilum. Í óformlegu námi er lögð áhersla á samvinnu.

„**Skóli lífsins**“ vísar til ævilangs ferlis þar sem hver einstaklingur tileinkar sér viðhorf, gildi, hæfni og þekkingu úr eigin umhverfi og daglegu lífi (nefna má fjölskyldu, nágretta, bókasöfn, fjölmiðla, leiki og störf).

Formlegt og óformlegt nám ásamt skóla lífsins er reynsla sem styrkir og eflir manneskjuna á ævilöngu námsferli hennar. Við gerð verkefnanna í *Litla-kompás* var haft í huga að þau væru það sveigjanleg að þau mætti vinna við alls konar aðstæður: í skólanum, félagsmiðstöðvum, í æskulýðsstarfi, félagsstarfi, sumarbúðum, heima, o.s.frv.

Kynning á mannréttindamenntun í starfi með börnum

Rétt eins og mannréttindi eru hluti af daglegu lífi hvers og eins ætti mannréttindamenntun að vera fastur liður í námi barna. Ekki ætti að líta á *Litla-kompás* sem tiltekinn „námsáfangi“ um mannréttindi, heldur sem námsefni sem nota má til að efla vitund og auka skilning barna á mannréttindum í lífinu almennt. Leita ætti leiða til að tengja mannréttindi því sem fram fer í skólanum, í samfélaginu og hjá þeim hópi barna sem unnið er með: ágreiningi á leikvællum viðhorfum gagnvart minnihlutahópum eða því að stelpur fái ekki að taka þátt í tilteknum viðfangsefnum vegna kynferðis. Aftur á móti ætti að forðast að fjalla einungis um mannréttindi í tengslum við ofbeldi. Leggja skal áherslu á að við njótum ýmissa mannréttinda á hverjum einasta degi.

Eitt meginmarkmiðið með mannréttindamenntun er að sýna slík réttindi í verki. Efla ber og þroska færni barna til að bregðast við á viðeigandi og yfirvegaðan hátt gagnvart mannréttindamálum. Meðal barna kann málið að snúast um að leysa úr málum milli einstaklinga, svo sem að finna lausn á ágreiningi innan hópsins eða fjölskyldunnar, ef til vill að fá systkini sín til að haga sér betur. Einnig getur verið um annars konar mál að ræða, eins og hvernig halda skuli upp á Alþjóða mannréttindadaginn eða setja upp sýningu á listmunum sem tengjast mannréttindum. Því yngri sem börnin eru þeim mun meira reiða þau sig á hjálp leiðbeinandans við að finna upp á og framfylgja flóknari verkefnum.



Rétturinn til mannréttindamenntunar

Menntun í mannréttindum er í sjálfu sér grundvallarmannréttindi og henni fylgir einnig ábyrgð; í inngangsorðum Mannréttindayfirlýsingarinnar er brýnt fyrir „einstaklingum og yfirvöldum“ að „kappkosta með fræðslu og uppeldi að efla virðingu fyrir réttindum þeim og frjálsræði“. Í 2. lið 26. greinar Mannréttindayfirlýsingarinnar segir:

Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og auka virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarhópa og að styrkja starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar.

Í **Alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórn mála leg réttindi** er kveðið á um að stjórnvöld megi ekki koma í veg fyrir að fólk fræðist um [réttindi sín]. Hættara er við brotið sé á fólki sem ekki veit hvaða réttinda það nýtur og hefur ekki á valdi sínu þann orðaforða og hugtakaramma sem þarf til að geta barist fyrir þeim. Það er enn ein ástæðan fyrir því að fræða þarf börn um mannréttindi!

Vaxandi skilningur er á því um allan heim að menntun í þágu, um og í mannréttindum sé á allan hátt mikilvægur liður í góðri menntun. Slík menntun geti stuðlað að því að byggja upp frjáls, réttlát og friðsæl samfélög. Mannréttindamenntun nýtur einnig aukinnar viðurkenningar sem skilvirk aðferð til að koma í veg fyrir mannréttindabrot.

Mannréttindamenntun og önnur svið menntunar

Í *Litla-kompás* er fjallað um þrettán málefni á sviði mannréttinda, og hvert þeirra tengist tilteknum mannréttindum á einn eða annan hátt (sjá V. kafla, bls. 205, þar sem eftirfarandi efnisflokkar eru til umfjöllunar):

- Borgaravitund
- Lýðræði
- Mismunun
- Menntun og tómstundir
- Umhverfismál
- Fjölskyldan og aðrir umsjáraðilar
- Kynjajafnrétti
- Heilbrigði og velferð
- Fjölmiðlar og netið
- Þátttaka
- Friður og mannöryggi
- Fátækt og félagsleg útskúfun
- Ofbeldi

Ekkert þessara málefna eru öðru mikilvægara. Raunar eru þau svo nátengd innbyrðis að þegar eitt þeirra er til umfjöllunar á það alltaf einhver atriði sameiginleg með öðru málefni. Þetta má rekja beint til þeirrar staðreyndar að mannréttindi eru **ódeilanleg, háð innbyrðis** og samtvinnuð: ekki er hægt að fjalla um einstök mannréttindi sem einangrað fyrirbæri því að öll tengjast þau hvert öðru á ýmsan hátt.

Næsta skýringarmynd lýsir því hvernig mannréttindi eru innbyrðis háð. Málefnið í ysta hringnum renna hvert saman við annað, rétt eins og menntunarsviðin í miðhringnum fléttast saman. Því verður að líta á eftirfarandi greiningu sem eina af mörgum mögulegum lýsingum, en hún bregður nokkru ljósi á hversu nátengdir þessir mismunandi efnisflokkar eru mörgum sviðum menntunar og hvernig þau svið skarast.

